

24.fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, Akkur, föstudaginn, 24. janúar 2025, kl. 12.00-13.30

Fundinn sátu:

Dagbjört S. Oddsdóttir, Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Guðbjörg Oddný Jónasdóttir

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 23. fundar, 6. desember 2024**
Undirrituð og samþykkt.
- 2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur**
Allar fundargerðir stjórnar nú komnar á vefinn og verður sent á sveitarfélögin í framhaldinu. Farið yfir uppfærða fjárhagsáætlun miðað við nýja samninga við Ferðamálastofu og Íslandsstofu og fjölda aðildarfélag. Stefnuráðsfundur verður haldinn 14. febrúar á Hilton. Hittumst verður haldið í Hafnarhúsinu, 8. maí. Ferðaþjónustuvikan í byrjun janúar gekk vel og vorum við með erindi á Ábyrgri ferðaþjónustu sem gekk afar vel og vakti athygli. Þróunarverkefni að fara vel af stað. Út um allt – útivistarvefurinn verður formlega opnaður 3. febrúar af SSH.
- 3. Dagsetning aðalfundar**
Dagsetning aðalfundar ákveðin 16. september og verður Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins og Höfuðgleði á sama tíma. Fundurinn verður haldinn í Bæjarbíó, Hafnarfirði.
- 4. Nýir samningar við sveitarfélög 2026-2028**
Byrjað er að gera fyrstu drög að áframhaldandi samningum við sveitarfélögin og stefnt að því ná undirskrift á Hittumst í maí.
- 5. Önnur mál**
Dagsetning vinnufundar stjórnar verður 18. júní.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.05.